

Læsisstefna Holtaskóla

Skólaárið 2016-2017

Inngangur

Öllum er mikilvægi ljóst læsis en gott læsi er meginforsenda þess að nemendum sækist nám vel. Grunnskólar eru bundnir af ákvæðum aðalnámskrár Mennta- og menningarmálaráðuneytisins og ekki ástæða til að endurtaka áherslur og viðfangsefnin hér heldur lýsir þessi læsisstefna þeim aðgerðum sem kennarar og stjórnendur Holtaskóla ætla að fara í til að ná markmiðum aðalnámskrár. Þetta plagg er því fyrst og fremst hagnýt aðgerðaáætlun, handbók fyrir kennara, sem þeir geta stuðst við er þeir skipuleggja kennslu fyrir komandi skólaár í því augnamiði að gera læsiskennsluna góða og skilvirka. Skýr læsisstefna tryggir einnig vöxt og viðhald þess starfs sem hefur verið unnið árin á undan og tryggir að byggt verði á þróunarvinnu fyrri ára.

Eins og fram kom í læsisstefnu síðasta skólaárs höfum við stefnt að heildstæðu móðurmálsnámi þar sem helsta markmiðið er að efla málskilning nemenda okkar með kennslu aðferða sem efla orðaforða og lesskilning. Þessi vinna er komin nokkuð áleiðis og því verður sjónum þetta skólaárið sérstaklega beint að **markvissari lestrarkennslu á mið- og unglingsstigi og áframhaldandi eflingu lestrarmenningar meðal nemenda**. Með eflingu lestrarmenningar er sérstaklega litið til bókasafns skólans en það gegnir lykilhlutverki í að gera nemendur okkar að lífstíðarlesurum sem eru færir um að tjá sig vel, jafnt í ræðu sem í riti.

Ein megi nstoð læsisstefnunnar er sú að allir nemendur fái þjónustu við hæfi, að allir nemendur nái eins góðum árangri og þeir hafa forsendur til og að læsiskennslan verði öllum nemendum gott veganesti þegar þeir ljúka skólagöngu sinni í Holtaskóla. Til þess að það megi verða þurfa kennarar að hafa aðgang að upplýsingum um stöðu nemenda og kunnáttu til að bregðast við þörfum þeirra hverju sinni. Slík kunnátta er ekki úr lausu lofti gripin og gerir þá kröfu til kennara að þeir bregðist við hverri áskorun með því að efla stöðugt læsisþekkingu sína og öðlist þannig fleiri og betri verkfæri til að mæta þörfum nemenda sinna.

Önnur meginstoð læsisstefnunnar er snemmtæk íhlutun en með því að aðstoða og efla nemendur á fyrstu stigum í læsinnámi er hægt að koma í veg fyrir mikla námserfiðleika og neikvæða upplifun af skólagöngu seinna meir. Undanfarin ár hefur verið unnið ötullega að því að aðstoða þennan nemendahóp og hefur hvert skólaár fært okkur nær því að gera fleiri betur læsa. Liður í því er að hafa læsisstefnuna lifandi og í stöðugri endurskoðun. Kennarar eru því hvattir til að skrá inn á plaggið athugasemdir um það sem betur má fara, hugmyndir og breytingar sem þarf að gera til að bæta kennsluna og þar af leiðandi nám nemenda.

Þriðja meginstoð læsisstefnunnar snýr að því að gera nemendur okkar að lífstíðarlesurum. Það verður gert með því að veita þeim tækifæri til lestrarvinnu sem hefur augljósan tilgang, að fá þeim verkfæri til að takast á við auknar læsiskröfur vegna náms og þroska og að sýna þeim með hvaða hætti hægt er að njóta og hafa yndi af lestri.

Það er alþekkt á Íslandi og víðar að formlegri lestrarkennslu lýkur allt of snemma eða þegar stafainnlögn lýkur og nemendur eru komnir með sæmilegan leshraða. Þetta hefur leitt til þess að læsiskunnátta nemenda hefur ekki haldið í við þarfir í námi en lestur er eitt helsta námstæki þeirra í námi. Til að bregðast við þessu höfum við ákveðið að stefna að markvissari lestrarkennslu fyrir öll stig en þessi vinna hófst síðastliðið vor og mun halda áfram þar til kennslan er komin í fastan farveg.

Læsissteymi verður starfrækt nú sem fyrr og verður helsta verkefni þess að formgera betur starfsemi bókasafnsins með föstum verkefnum og öðru sem ýtir undir lestrarmenningu skólans. Eftirfarandi starfsmenn sitja í teyminu þetta skólaárið: Ingibjörg umsjónarkennari í 5. bekk, Guðríður umsjónarkennari í 1. bekk, Bryndís umsjónarkennari í 2. bekk, Drífa umsjónarkennari í 6. bekk og

Vilborg umsjónarkennari í 7. bekk, Salvör bókavörður og svo munu fulltrúar af unglingastigi og úr námsveri á yngsta stigi verða viðloðandi teymið.

Eins og fram hefur komið er læsi býsna vítt hugtak og varðar ekki aðeins móðurmálskennslu heldur kennslu nýrra hugtaka og nýs orðaforða í öllum námsgreinum. Orð eru verkfæri hugsunarinnar og án góðra verkfæra getur enginn hugsað, skapað né lagt dóm á það sem á vegi hans verður. Þess vegna verða allir kennarar að líta á sig sem læsiskennara þrátt fyrir að aðeins sumir þeirra hafi það hlutverk að kenna lestur.

Guðbjörg Rut Þórisdóttir
Deildarstjóri/lestrarfræðingur

Efnisyfirlit

Inngangur	bls. 1
Efnisyfirlit	bls. 3
1. Um lestrarkennslu	bls. 6
1.1 Kennsluaðferð lestrar	bls. 6
1.2 Lestrarþjálfun	bls. 6
1.3 Eftirfylgni við heimalestur – yngri	bls. 6
1.4 Eftirfylgni við heimalestur - eldri	bls. 6
1.5 Lestrarömmur	bls. 7
1.6 Lesfimi	bls. 7
1.7 Lestrarsprettir	bls. 7
1.8 Lestrarviðurkenningar	bls. 7
1.9 Skráning raddlestrareinkunnar	bls. 7
1.10 <i>Að læra að lesa</i> og foreldrasamstarf	bls. 7
1.11 Fyrirkomulag lestrarstuðnings	bls. 8
2. Um ritun	bls. 9
2.1 Almenn um ritun	bls. 9
2.2 Skrift	bls. 9
2.3 Gátlistar í ritun	bls. 9
2.4 Stafastuð	bls. 9
3. Um lesskilning	bls. 10
3.1 Lesskilningskennsla	bls. 10
3.2 Lesskilningsaðferðir	bls. 10
3.3 Um lesskilningspróf	bls. 10
4. Um skimanir og próf	bls. 11
4.1 Almenn um skimanir og próf	bls. 11
4.2 Mat á lestri - Lesferill	bls. 11
4.3 Orðarún – lesskilningsmat	bls. 11
4.4 Logos – lesskimun	bls. 11
4.5 Skimanir vegna stafsetningar	bls. 12
4.6 Upplýsingar og endurgjöf	bls. 12
4.7 Samræmd könnunarpróf	bls. 12
5. Um lestrarmenningu	bls. 13
5.1 Almenn um lestrarmenningu	bls. 13
5.2 „Að læra að lesa“	bls. 13
5.3 Yndislestur	bls. 13
5.4 Nestislestur	bls. 13
5.5 Lestrarvinir	bls. 13
5.6 Sumarlestur	bls. 14
5.7 Bókabéus	bls. 14
5.8 Stóra upplestrarkeppnin	bls. 14

Viðaukar	bls. 15
Viðauki I: Yfirlit yfir skimanir og próf	bls. 15
Viðauki II: Yfirlit yfir lesskilningsaðferðir	bls. 25
Viðauki III: Fyrirkomulag lestrarþjálfunar	bls. 27
Viðauki IV: Reglur um fyrirlögn	bls. 28
Viðauki V: Framsagnarkvarði	bls. 29

1. Um lestrarkennslu

1.1 Kennsluaðferð lestrar

Meginkennsluaðferð lestrar í Holtaskóla er hljóðaaðferðin en hún hentar ákaflega vel til að kenna umskráningu sem er tæknileg hlið lestrar. Lesskilningskennslan hefur hægt og rólega eflst eftir því sem þekking kennara á lesskilningi og lesskilningsaðferðum hefur aukist og smám saman hefur móðurmálskennslan þokast í átt að heildstæðri kennslu með góðan málskilning að leiðarljósi.

Nemendur í 1. bekk koma með lestrarþekkingu upp úr leikskóla og höfum við leitast við að byggja ofan á þá þekkingu sem nemandinn kemur með í farteskinu með því að fá honum strax verkefni við hæfi. Þörf fyrir íhlutun hefur verið mismikil milli ára en notaðar eru fjölbreyttar leiðir til að koma til móts við þarfir nemenda sem eru lengur að ná tökum á lestri en meðalnemandinn. Þetta árið verður K-PALS, byrjendanámsefni í lestri sem byggir á hugmyndafræði beinnar kennslu, fléttað inn í innlög en jafnframt verður stuðst við hugmyndafræði íhlutunar sem birtist í Leið til læsis.

Fylgst er grennt með framvindu lestrarnáms allra nemenda á öllum stigum og er markmiðið að hjálpa hverjum og einum til að ná eins góðum árangri og hægt er út frá forsendum hverju sinni. Eins og fram kom í inngangi verður mikil áhersla lögð á að formgera lestrarkennslu eldri nemenda okkar til að tryggja stíganda í læsinnámi og undirbúa þau undir auknar kröfur í námi.

1.2 Lestrarþjálfun

Án lestrarþjálfunar verður enginn læs. Lestrarþjálfun þarf að taka á sig ólíkar myndir eftir því hvar í læsinnámi nemandi er staddur, allt eftir því hvað er verið að þjálfra hverju sinni. Lestrarfræðingur hefur útbúið fyrirkomulag (sjá viðauka III) sem kennarar á yngsta stigi geta notað til að gera þjálfunina fjölbreyttari á meðan nemandinn er að koma sér upp fullnægjandi lesfimi. Á efri stigum lestrarnáms þarf fyrirkomulag þjálfunar að taka mið af áherslum og viðfangsefnum hverju sinni. Foreldrum barna í Holtaskóla á að vera ljóst frá fyrstu stundu hversu mikilvæg eftirfylgni þeirra er við lestrarþjálfun barna þeirra en án hvatningar og aðkomu foreldra verða nemendur seint læsir.

1.3 Eftirfylgni við heimalestur – yngsta stig

Í skóla þarf að vera góð eftirfylgni við heimalestur nemenda. Á yngsta stigi er mikilvægt að kennari hlusti daglega á lestur nemenda, sérstaklega fyrstu tvö árin en lengur hjá nemendum sem eru að glíma við lestrarerfiðleika. Aðra nemendur er hægt að hlusta á þrisvar í viku eða eins og kennari ákveður og nýta þá tímann í fjölbreyttari lestrarverkefni. Nemendur á yngsta stigi þurfa daglega endurgjöf á heimalestur (límímiðar eða stimplar) og skrá þarf viðeigandi athugasemd á Mentor ef ekki er lesið heima.

1.4 Eftirfylgni við lestrarþjálfun á mið- og unglingsstigi

Undanfarin tvö ár hafa stuðningsfulltrúar fylgt eftir lestrarþjálfun hæglæsra nemenda á miðstigi, fylgst með skráningum, hlustað á þá lesa og veitt hvatningu og stuðning. Nú verður sú breyting á að það kemur í hlut lestrarkennara (umsjónarkennara og íslenskukennara) að veita þessa eftirfylgni en þessi breyting er gerð til að lestrarkennarar séu betur upplýstir um stöðu nemenda sinna í lestri. Þeir bera einnig endanlega ábyrgð á framvindu læsinnáms nemenda sinna og hafa því frelsi til að haga þjálfun og eftirfylgni eins og þeim þykir best, allt eftir áherslum og viðfangsefnum hverju sinni.

1.5 Lestrarömmur

Til að bæta aðstöðumun barna hvað lestrarþjálfun varðar hefur Holtaskóli fengið til liðs við sig konur á besta aldri til að koma og sinna þjálfun á yngsta stigi. Skjólstæðingar verkefnisins hafa einkum verið börn af erlendum uppruna sem skortir góðar lestrarfyrirmyndir heima með tilliti til réttar hljóðmyndunar og lesskilnings og hefur þessi aðstoð gefist ákaflega vel. Fyrirkomulagið á þjálfuninni er þannig að ömmurnar hitta börnin í 10 mínútur, hlusta á þau lesa og veita endurgjöf á lesturinn. Skólaárinu er skipt upp í þjálfunarlotur sem eru alls fjórar og geta nemendur fengið þjálfun í eina til fjórar lotur, allt eftir þörfum og aðstæðum.

1.6 Lesfimi

Lesfimi felur í sér tvennt: Sjálfvirkan orðmyndalestur og framsögn. Báðir þættir eru jafn mikilvægir fyrir helsta markmið lestrar sem er lesskilningur. Ef annar hvor þáttanna er ekki nægilega góður kemst innihald textans ekki til skila og því er mjög mikilvægt að nemendur fái næg tækifæri til að þjálfra lestur með alla þætti í huga. Þetta á við um alla nemendur í grunnskóla óháð aldri en mikilvægt er að gert sé ráð fyrir lesfimikennslu í skóla og að þjálfun fari ekki eingöngu fram heima.

Markmiðið í vetur er að tryggja öllum nemendum góða lesfimiþjálfun eftir fjölbreyttum leiðum varðandi efnistöð og úrvinnslu. Kennarar eru hvattir til að nýta sér kosti framsagnarþjálfunar við eflingu lesfimi og að nýta sér framsagnarkvarðann sem hefur verið til um nokkurra ára skeið.

1.7 Lestrarsprettir

Lestrarsprettir hafa verið fastir dagskrárliðir í skólafarinu og hafa þeir ýmist verið einn eða tveir á hverju skólaári. Læsisfimið hefur haft veg og vanda af skipulagningu sprettanna en á síðastliðnu ári komu fram hugmyndir um að breyta áherslum með því að leggja minni áherslu á keppni en meiri á persónulegan ávinning nemenda af þátttöku.

1.8 Lestrarviðurkenningar

Nemendum eru veittar viðurkenningar fyrir áfanga í lestrarnámi. Áfangarnir nást þegar nemandi getur lesið 50, 100, 150 og 200 atkvæði á mínútu. Viðurkenningaspjöldin eru geymd í Frysti hjá ritara en á Sameign er Excelskjál sem hjálpar kennurum að halda utan um skráningar (Sameign>LÆSI>Lestrarviðurkenningar).

1.9 Skráning raddlestrareinkunnar á annarmati fyrir nemendur með lestrarerfiðleika

Nemendum með dyslexíu, sem ekki hafa náð raddlestrareinkunninni 7, er ekki gefin einkunn heldur skal aðeins skrá lesinn atkvæðafjölda í umsögn. Þetta er gert vegna þess að margir nemendur með dyslexíu eru góðir námsmenn sem fá góðar einkunnir í öllum námsgreinum en lág einkunn, sem er til komin vegna hömlunar, er ósanngjörn.

1.10 Að læra að lesa og foreldrasamstarf

Frá árinu 2007 hefur lestrarfræðingur skólans boðið foreldrum barna í 1. bekk upp á námskeiðið *Að læra að lesa* en tilgangur námskeiðsins er sá að gera foreldrum grein fyrir hlutverki þeirra í læsisnámi barna þeirra og að efla þá sem slíka. Á námskeiðinu er farið yfir forsendur sem nemendur þurfa að hafa til að takast á við læsisnám (góðan málskilning og hljóðkerfisvitund), hagnýt atriði við þjálfun, vísbendingar um lestrarerfiðleika og væntingar skólans til foreldrasamstarfsins. Skólinn leggur ríka áherslu á að allir foreldrar barna í 1. bekk mæti á námskeiðið.

1.11 Fyrirkomulag lestrarstuðnings

Yngsta stig

Um 20% nemenda í hverjum árgangi sækist lestrarnám hægar en öðrum en þörf þessara nemenda fyrir aðstoð getur verið mismikil og vandinn af margvíslegum toga. Í kjölfar mats á stöðu nemanda setur lestrarfræðingur upp einstaklings- eða hópáætlun sem gildir til skemmri eða lengri tíma þar sem unnið er með afmarkaða færniþætti. Unnið er skv. áætluninni bæði í skóla og heima. Þess er gætt að vinnan heima taki aldrei lengur en 10-15 mínútur á dag á meðan á lotunni stendur en lestrarfræðingur hittir nemendur einnig reglubundið á meðan einstaklingsáætlunin er í gildi. Lestrarstuðningi er forgangsraðað í þágu yngstu nemendanna en rannsóknir sýna að snemmtæk íhlutun skilar nemandanum mestu.

Mið- og unglíngastig

Í langflestum tilfellum ná nemendur okkar viðunandi tókum á lestri á yngsta stigi þótt lesfimiárangur geti verið mjög einstaklingsbundinn. Eins og fram hefur komið er lestrarstuðningi forgangsraðað í þágu yngri nemenda en þegar á mið- og unglíngastig er komið sjá umsjónar- og íslenskukennarar um lesfimiþjálfun allra nemenda sinna með áherslu á nemendur sem eru undir viðmiðum. Lestrarfræðingur tekur aðeins að sér nemendur með mjög alvarlega lestrarerfiðleika .

2. Um ritun

2.1 Ritun

Rannsóknir hafa sýnt með óyggjandi hætti að lestur og ritun eru gangvirk ferli sem þarf að þjálfra samhliða. Til stóð að útbúa markvissari námskrá í ritunarkennslu síðastliðið skólaár en sökum anna við önnur verkefni tókst það ekki. Ritun hefur þó fengið meira vægi í kennslu hjá mörgum kennurum en þó er enn þörf á að koma ritunarkennslu í betri farveg til að tryggja stíganda í ritunarfærni nemenda. Læsissteymið mun skoða möguleikann á rafrænum útgáfuvettvangi þar sem hægt verður að birta verkefni nemenda.

2.2 Skrift

Stundum heyrast þær raddir að skrift sé að verða úreld en það sem þeir vita ekki er að skrift getur eflt margs konar færni. Hún hjálpar börnum á byrjunarstigi lestrarnáms við að tengja saman réttan bókstaf og hljóð, hún þjálfar fínhyfingar, hún skerpir hugsun við hugmyndavinnu og hún getur hjálpað við að koma orðum að hlutum svo eitthvað sé nefnt. Skrift er því alls ekki á undanhaldi og í Holtaskóla höfum við reynt að fylgja þeirri meginreglu að ef það á að kenna atriði skal kenna það vel. Freydís H. Árnadóttir námsverskennari hefur verið óformlegur fagstjóri skriftar og geta kennarar leitað til hennar vegna skriftarkennslu.

2.3 Gátlistar í ritun

Fyrir tveimur árum voru útbúnir gátlistar vegna vinnubragða í ritun. Ástæðan fyrir gerð gátlistanna var fyrst og fremst sú að samræma kröfur sem gerðar eru til skriflegrar vinnu nemenda. Góð, skrifleg vinnubrögð létta á vinnsluminni nemenda og auðvelda honum allt nám. Lagt er upp með að kennarar rifji gátlistana upp snemma á skólaárinu til að nemendur geti nýtt sér góð vinnubrögð við alla skriflega vinnu.

2.4 Stafastuð

Stafastuð er kennsluáferð sem fellur undir beina kennslu og miðar hún að því að kenna nemendum ritun algengra orðamynda (óhljóðrétt orð og γ-ý-ey orð) utanbókar án skírskotunar til stafsetningarreglna. Hæfilegur utanbókarlærdómur er holl heilaleikfimi og er það trú okkar að aðferðin geti haft yfirfærslugildi fyrir nemandann við áframhaldandi rétttritunarnám. Aðferðin er einkum ætluð nemendum á yngsta stigi og er hún ekki hugsuð sem meginaðferð ritunarkennslu heldur aðferð sem hægt er að nýta tímabundið og við sjálfstæða vinnu nemenda. Kennarar eru hvattir til að tileinka sér aðferðina eins og hún er sett fram því vinnubrögðin sem nemendur læra er hægt að yfirfæra á fleiri verkefni og námsgreinar.

3. Um lesskilning

3.1 Lesskilnings- og orðaforðakennsla

Síðastliðið skólaár þokaðist lesskilningskennsla í enn betri farveg og hefur hún nú öðlast skipulegan sess í kennslu á öllum stigum þótt hún sé enn í þróun. Síðastliðið skólaár sófnuðu kennarar á mið- og unglíngastigi saman prófum sem hægt verður að nota við mat á lesskilningi nemenda og sem fyrr er lesskilningur sérstakur einkunnarliður í námsmati nemenda. Kennarar eru sem fyrr hvattir til að læra nýjar aðferðir til að bæta verkfærakistu sína og að hafa í huga að góður málskilningur er forsenda árangurs í öllu námi. Allt nám á því að miða að því að útvíkka málskilning nemenda.

3.2 Lesskilningsaðferðir

Í viðauka II er að finna yfirlit yfir lesskilningsaðferðir en aðferðirnar er flestar að finna í bók Bergljótar V. Jónsdóttur. Aðferðirnar eru flokkaðar niður á árganga og eftir aldri eins og í bók Bergljótar. Á yfirlitinu eru einnig nokkrar aðferðir sem lestrarfræðingur hefur útbúið en að öðru leyti skýrir yfirlitið sig sjálf.

3.3 Um lesskilningspróf

Samkvæmt upplýsingum frá Menntamálastofnun eru ný, stöðluð lesskilningspróf í farvatninu og verður það góð viðbót við Orðarún sem er staðlað lesskilningspróf fyrir 3.-8. bekk. Próf MMS verða ekki tilbúin fyrr en nokkuð er liðið á skólaárið. Síðastliðið skólaár lögðu kennarar töluverða vinnu í að finna til og útbúa próf sem innihéldu ólíkar gerðir texta í því augnamiði að prófa nokkra færniþætti lesskilnings en í vetur verður verkefnabankinn fínþúsáður til að tryggja að prófin gefi rétta mynd af kunnáttu nemenda. Samkvæmt rannsóknum er nemandi talinn hafa fullnægjandi skilning á texta ef hann getur svarað að lágmarki 80% spurninga rétt.

4. Um skimanir og próf

4.1 Almennt um skimanir og próf

Tilgangur skimana er tvíþættur: Að fá upplýsingar um stöðu nemenda og að veita þjónustu sem er í samræmi við þær upplýsingar sem skimunin gefur. Fyrirlögn skimana er tilgangslaus nema niðurstöður séu notaðar markvisst til að bæta kennslu og efla þannig nemandann. Kennari þarf því að vera búinn að gera sér einhverjar hugmyndir um það hvernig hann ætlar að nota niðurstöður og til hvaða úrræða hann ætlar að grípa þegar niðurstöður liggja fyrir. Það er á ábyrgð umsjónar- og faggreinakennara í íslensku að mæta þörfum nemenda sem sýna slaka frammistöðu en stoðþjónusta aðstoðar kennara með þá nemendur sem sýna mjög slaka frammistöðu vegna félagslegrar stöðu eða frávika, alvarlegra eða samsettra.

Samkvæmt yfirliti eiga skimanir og raddlestrarpróf að fara fram innan ákveðins tímabils en innan tímabilsins þarf yfirferð, úrvinnslu og skráningu að vera lokið. Kennarar eru vinsamlegast beðnir um að hafa samband við deildarstjóra náist ekki að ljúka verkefnum á tilskildum tíma en það skal tekið fram að deildarstjórar eru alltaf boðnir og búnir að aðstoða kennara við fyrirlögn skimana ef nauðsyn krefur. Lögð er áhersla á skilafrestur sé alltaf virtur.

4.2 Mat á lestri - Lesferill

Framundan eru töluverðar breytingar á fyrirkomulagi raddlestrarprófa en þær breytingar eiga rætur sínar að rekja til nýs og heildstæðs námsmats í lestri sem hefur fengið nafnið *Lesferill*. Kennarar eru beðnir um að skoða vel yfirlit skimana fyrir sinn árgang en þar koma fram allar upplýsingar um fyrirkomulag skimana og prófa í lestri.

Skv. upplýsingum frá MMS verður Leið til læsis prógrammið endurskoðað og mögulega endurstaðlað. Það sem áður hét *Leið til læsis-lesskimun fyrir 1. bekk* heitir núna *Lesferill-lesskimun í 1. bekk* en ný lesfimiþróf munu taka við af Ltl eftirfylgniþrófunum. Lesskimunin verður aðgengileg í október.

Framsögn er mikilvægur þáttur í lesfimiþrófningu og eru kennarar hvattir til að hefja markvissa framsagnarkennslu í öllum árgöngum. Framsagnarþjálfun kemur inn á marga þætti sem efla nemendur en í viðauka VII er að finna framsagnarkvarða sem kennarar eiga að kynna fyrir nemendum sínum og nýta við mat á framsögn nemenda.

4.3 Orðarún – mat á lesskilningi

Orðarún – mat á lesskilningi er stöðluð lesskilningskönnun sem gefin er út af Mennamálastofnun. Matið er staðlað fyrir 3.-8. bekk og því gilda niðurstöður ekki til einkunnar en eru notaðar til að skoða stöðu árganga, meta kennslu og þörf fyrir íhlutun. Matið er lagt fyrir snemma á hvorri önn fyrir sig til að nægilegt svigrúm skapist fyrir nauðsynlega íhlutun. Skipulag íhlutunar er í höndum umsjónar- eða íslenskukennara.

4.4 Logos – lesskimun

Logos-lesskimun er gerð að frumkvæði Fræðsluskrifstofu Reykjanesbæjar og er tilgangur skimunarinnar sá að kanna stöðu barna í 3., 6. og 8. bekk varðandi leshraða og lesskilning og eins að finna nemendur sem eru í áhættuhópi vegna lestrarerfiðleika. Þar sem skimunin er lögð fyrir í öllum skólum sveitarfélagsins fást samanburðarhæfar tölur sem veita okkur einnig upplýsingar um stöðu okkar skóla í samanburði við aðra skóla sveitarfélagsins. Það er rík krafa af hálfu Fræðsluskrifstofunnar og skólans að niðurstöður skimunarinnar séu notaðar til að bæta læsiskennslu og veita nemendum, sem þess þurfa, aðstoð við hæfi. Dagsetningar fyrirlagnar er að finna í skimanayfirliti fyrir þá árganga sem fara í skimun.

4.5 Skimanir vegna stafsetningar

Réttritunarsýnishorn gefa einna skýrustu myndina af því hvort nemandi glímir við lestrarerfiðleika eða ekki. Því verða réttritunarskimanir alltaf lagðar fram samhliða Logos-lesskimun. Í 3. bekk verður stafsetningarhluti A1 lagður fyrir og 40 orða upplestur, í 6. bekk GRP10-stafsetningarhluti og í 8. bekk GRP14-stafsetningarhluti. Menntamálastofnun er þessa dagana að vinna að stöðluðum stafsetningarprófum fyrir 4.-7. bekk og verða þau skólum aðgengileg í október á þessu ári.

4.6 Upplýsingar og endurgjöf til foreldra

Mikilvægt er að foreldrar og nemendur séu upplýstir um tímasetningar skimana og fái greinargóð og skýr skil á niðurstöðum sérstaklega í ljósi þess að gerð er krafa á að foreldrar aðstoði börn sín ef þau þurfa á íhlutun að halda. Endurgjöf til foreldra verður að mestum hluta í höndum umsjónarkennara en deildarstjórar koma í sumum tilvikum að úrvinnslu og framsetningu upplýsinga.

4.7 Samræmd próf

Samræmd próf eru lögð fyrir í september á hverju ári. Meginhlutverk samræmdra könnunarprófa í 4., 7. og 10. bekk er að veita nemendum, foreldrum þeirra og skólum, upplýsingar um námsstöðu þeirra við upphaf skólaárs og að nýta niðurstöður við áframhaldandi skipulag skólastarfs.

5. Um lestrarmenningu

5.1 Almennt um lestrarmenningu

Afstaða til læsis endurspeglast í lestrarmenningu samfélagsins og eitt mikilvægasta verkefni skóla er að skapa lestrarmenningu sem ýtir undir jákvætt viðhorf til lestrar. Þetta höfum við gert eftir föngum með t.d. lestrarprettum, höfundaheimsóknunum og afhendingu viðurkenninga en þessi verkefni hafa ekki verið hugsuð sem markviss liður í eflingu lestrarmenningar skólans. Sumir nemendur á efri stigum hafa átt í erfiðleikum með að koma auga á mikilvægi lestrar þar sem tilgang og samhengi hefur vantað. Skortur á skilningi nemenda um mikilvægi læsis hefur m.a. birst í slægum vinnubrögðum við lausn verkefna á lesskilningsprófum og gildir þá einu á hvaða stigi nemandinn hefur verið. Það hlýtur því að vera ákaflega mikilvægt að kennarar og stjórnendur leitist við að gera læsishámið merkingarbært með því að búa til vettvang þar sem læsi er markviss notað, bæði til náms og sköpunar.

Skólabókasöfn eru kjörinn vettvangur til að efla læsismenningu nemenda. Síðastliðið skólaár fór bókasafnið okkar í gegnum miklar breytingar. Bókakostur var grisjaður og lögð áhersla á að vera með safnkost sem höfðaði til grunnskólanemenda, ytra skipulagi var breytt og fjöldi uppákoma og verkefna unnin í tengslum við safnið. Læsissteymið, í samvinnu við bókavörð, mun á haustdögum útbúa skipulega dagskrá fyrir bókasafnið og huga að ýmsum nýjungum sem stuðla að enn frekari vexti lestrarmenningar í skólanum. Sem fyrr mun safnið leita til einstaklinga og fyrirtækja varðandi nýjan bókakost en það voru margir sem lögðu okkur lið síðastliðinn vetur. Kunnum við þeim bestu þakkir fyrir.

5.2 Að læra að lesa og lestrarmenning

Eins og fyrr segir eru foreldrar barna í 1. bekk beðnir um að sækja námskeiðið *Að læra að lesa* sem fjallar fyrst og fremst um það hvernig þeir eiga að bera sig að við lestrarþjálfun barna sinna. Á námskeiðinu er einnig farið yfir mikilvægi fordæmis foreldra þegar það kemur að lestri og hvernig góð lestrarmenning getur átt ríkan þátt í að gera nemendur að áhugasömum lesurum fyrir lífstíð.

5.3 Yndislestur

Frá skólaárinu 2008-2009 hafa nemendur á mið- og unglíngastigi fengið 10 mínútna yndislestrarstund á hverjum degi en í vetur verður yndislestrarstundinni hætt. Reynslan sýnir að yndislestrarstundin hefur einungis gagnast þeim nemendum sem hafa þegar ánægju og áhuga á lestri en til að nýta tímann betur munu kennarar nota einn íslenskutíma á viku til markvissrar lestrarkennslu og eftirfylgni.

5.4 Nestislestur

Nestislestur er fastur liður hjá nemendum í 1.-7. bekk og eins og nafnið gefur til kynna fer hann fram í nestistíma nemenda. Nestislestur er ekki bara notalegur því við lestur kennarans lifnar frásögnin við og oftast en ekki fá nemendur áhuga á að lesa fleiri bækur um sömu sögupersónur eða eftir sama höfund. Nestislestur er því mjög mikilvægur liður í því að efla lestrarmenningu skólans.

5.5 Lestrarvinir

Lestrarvina verkefni tengir saman yngri og eldri nemendur sem hittast nokkrum sinnum á ári til að lesa saman og vinna verkefni sem tengjast viðburðum í skóla. Þetta verkefni hefur gefist ákaflega vel eins og líftími þess gefur til kynna.

5.6 Sumarlestur

Bókasafn Reykjaneshæjar hefur árlega efnt til Sumarlestrar og kynnt verkefnið í grunnskólum bæjarins á vorin. Skólinn hefur hvatt nemendur til að taka þátt í verkefninu en því lýkur um það leyti sem skólar hefjast.

5.7 Bókabéus

Keppt var í Bókabéusi í fyrsta sinn á síðasta skólaári. Segja má að þá hafi keppnin verið prufukeyrð hjá okkur og gekk framkvæmdin vel þrátt fyrir að það drægist nokkuð að keppa. Keppnin er nú komin í fastan farveg en stefnt er að því að allir árgangar keppi fyrstu vikuna í nóvember. Læsteymið hefur haft veg og vanda að því að lesa nýjar bækur og útbúa spurningar fyrir nýja keppni en lestrarfræðingur hefur haldið utan um verkefnið sem er komið til að vera ef marka má áhuga nemenda á keppninni.

5.8 Stóra upplestrarkeppnin

Stóra upplestrarkeppnin hefur átt fastan sess í skólastarfinu um árabíl en markmið keppinnar er að vekja athygli og áhuga í skólum á vönduðum upplestri og framburði. Það eru nemendur í 7. bekk sem taka þátt í keppninni en fyrst er keppt á heimavelli og svo við aðra skóla við hátíðlega athöfn í Duushúsum eða í skólum nærliggjandi sveitarfélaga.

Litla upplestrarhátíðin er nýlegt verkefni fyrir 4. bekk og er henni ætlað að gera góðum upplestri og vandaðri framsögn hærra undir höfði og ríkari þætti í íslenskunámi nemenda. Hátíðin fer fram á vorin og er undirbúningur og framkvæmd í höndum umsjónarkennara.

Viðauki I

Yfirlit yfir skimanir og próf

1. bekkur

Dagsetningar	Matsþáttur	Matstæki	Athugasemd	Fyrirlögn og úrvinnsla
Skólabyrjun	Stafabekking/umskráningarfærni.	Stafakönnun (munnleg) þar sem þekking nemenda á bókstafheiti og bókstafshljóði er könnuð. Stafakönnun – ritun þar sem þekking nemenda á bókstafstákni er könnuð.	Allir nemendur prófaðir.	Umsjónarkennari.
Október	Málþroski, hljóðkerfisvitund og stafabekking.	Lesferill – lesskimun fyrir 1. bekk	Allir nemendur prófaðir.	Umsjónarkennarar og deildarstjórar.
1. vika í nóv.	Lesfimi.	Lesferill – lesfimi Til æfingar fyrir kennara	Aðeins þeir nemendur með nægilega færni prófaðir.	Umsjónarkennari og deildarstjórar. Lesinn atkvæðafjöldi skráður í verkefnabók.
Janúar	Lesfimi.	Lesferill - lesfimi	Aðeins þeir nemendur með nægilega færni prófaðir.	Umsjónarkennari og deildarstjórar. Lesinn atkvæðafjöldi skráður í verkefnabók.
Að lokinni stafainnlögn feb./mars	Stafabekking.	Stafakönnun. Stafakönnun - ritun.	Allir nemendur sem grunur leikur á að hafi ekki náð sjálfvirkum tengslum bókstafs og hljóðs.	Umsjónarkennari og deildarstjórar.
Maí	Lesfimi.	Lesferill – lesfimiþróf, sjónrænn orðaforði og orðleysulestur (sumir í nefnuhraðapróf)	Allir nemendur prófaðir.	Umsjónarkennari og deildarstjórar. Lesinn atkvæðafjöldi skráður í verkefnabók.

2. bekkur

Dagsetningar	Matspáttur	Matstæki	Fyrirlögn og úrvinnsla
Skólabyrjun	Lesfimi. Stafaþekking.	Leið til læsis: Eftirfylgniþróf 1-A, lesfimi. Stafakönnun.	Umsjónarkennari og deildarstjórar. Lesinn atkvæðafjöldi skráður í verkefnabók.
1. vika í nóv.	Lesfimi.	Lesferill – lesfimiþróf Til æfingar fyrir kennara	Umsjónarkennari og deildarstjórar. Lesinn atkvæðafjöldi skráður í verkefnabók.
Janúar	Lesfimi.	Lesferill – lesfimiþróf	Umsjónarkennari og deildarstjórar. Lesinn atkvæðafjöldi skráður í verkefnabók.
Maí	Lesfimi.	Lesferill – lesfimiþróf, sjónrænn orðaforði og orðleysulestur (sumir í nefnhraðapróf).	Umsjónarkennari og deildarstjórar. Lesinn atkvæðafjöldi skráður í verkefnabók.

3. bekkur

Dagsetningar	Matspáttur	Matstæki	Fyrirlögn og úrvinnsla
Skólabyrjun	Lesfimi.	Leið til læsis: Eftirfylgniþróf B-2, lesfimi.	Umsjónarkennari og deildarstjórar. Lesinn atkvæðafjöldi skráður í verkefnabók.
1. vika í nóv.	Lesfimi.	Lesferill – lesfimiþróf Til æfingar fyrir kennara	Umsjónarkennari og deildarstjórar. Lesinn atkvæðafjöldi skráður í verkefnabók.
22. nóv.	Stærðfræði.	Talnalykill.	Fræðsluskrifstofa Reykjanesbæjar.
Janúar	Lesfimi.	Lesferill – lesfimiþróf	Umsjónarkennari og deildarstjórar. Lesinn atkvæðafjöldi skráður í verkefnabók.
9.-20. janúar	Lesskilningur.	Orðarún 3.1	Umsjónarkennari og deildarstjórar. Niðurstöður skráðar í verkefnabók „Lesskilningur“ með 0% vægi.
18. janúar	Leshraði, lesskilningur og réttitun.	Logos - lesskimun Aston Index – Stafsetningarhluti Samfelldur texti v. réttitunar	Fræðsluskrifstofa Reykjanesbæjar. Umsjónarkennarar sjá um fyrirlögn og úrvinnslu stafsetningarkannana. FRÆ og deildarstjóri sjá um úrvinnslu.
Maí	Lesfimi.	Lesferill – lesfimiþróf, sjónrænn orðaforði og orðleysulestur (sumir í nefnahraðapróf).	Umsjónarkennari og deildarstjórar. Lesinn atkvæðafjöldi skráður í verkefnabók.

4. bekkur

Dagsetningar	Matspáttur	Matstæki	Fyrirlögn og úrvinnsla
Skólabyrjun	Lesfimi.	Leið til læsis: Eftirfylgniþróf C-2, lesfimi.	Umsjónarkennari og deildarstjórar. Lesinn atkvæðafjöldi skráður í verkefnabók.
12.-23. sept.	Lesskilningur.	Orðarún 3.2	Umsjónarkennari og deildarstjórar. Niðurstöður skráðar í verkefnabók „Lesskilningur“ með 0% vægi.
Október	Stafsetning.	Lesferill – staðlað stafsetningarþróf	Umsjónarkennari og deildarstjórar.
1. vika í nóv.	Lesfimi.	Lesferill – lesfimiþróf Til æfingar fyrir kennara	Umsjónarkennari og deildarstjórar. Lesinn atkvæðafjöldi skráður í verkefnabók.
Janúar	Lesfimi.	Lesferill – lesfimiþróf	Umsjónarkennari og deildarstjórar. Lesinn atkvæðafjöldi skráður í verkefnabók.
9.-20. janúar	Lesskilningur.	Orðarún 4.1.	Umsjónarkennari og deildarstjórar. Niðurstöður skráðar í verkefnabók „Lesskilningur“ með 0% vægi.
Maí	Lesfimi.	Lesferill – lesfimiþróf	Umsjónarkennari og deildarstjórar. Lesinn atkvæðafjöldi skráður í verkefnabók.

5. bekkur

Dagsetningar	Matspáttur	Matstæki	Fyrirlögn og úrvinnsla
Skólabyrjun	Lesfimi.	Leið til læsis: Eftirfyllniþróf D-2, lesfimi.	Umsjónarkennari og deildarstjórar. Lesinn atkvæðafjöldi skráður í verkefnabók.
12.-23. sept.	Lesskilningur.	Orðarún 4.2.	Umsjónarkennari og deildarstjórar. Niðurstöður skráðar í verkefnabók „Lesskilningur“ með 0% vægi.
Október	Stafsetning.	Lesferill – staðlað stafsetningarpróf	Umsjónarkennari og deildarstjórar.
1. vika í nóv.	Lesfimi.	Lesferill – lesfimiþróf Til æfingar fyrir kennara	Umsjónarkennari og deildarstjórar. Lesinn atkvæðafjöldi skráður í verkefnabók.
Janúar	Lesfimi.	Lesferill - lesfimiþróf	Umsjónarkennari og deildarstjórar. Lesinn atkvæðafjöldi skráður í verkefnabók.
9.-20. janúar	Lesskilningur.	Orðarún 5.1.	Umsjónarkennari og deildarstjórar. Niðurstöður skráðar í verkefnabók „Lesskilningur“ með 0% vægi.
Mái	Lesfimi.	Lesferill - lesfimiþróf	Umsjónarkennari og deildarstjórar. Lesinn atkvæðafjöldi skráður í verkefnabók.

6. bekkur

Dagsetningar	Matspáttur	Matstæki	Fyrirlögn og úrvinnsla
Skólabyrjun	Lesfimi.	Raddlestrarpróf: Hvers vegna leðurblakan...	Umsjónarkennari og deildarstjórar. Lesinn atkvæðafjöldi skráður í verkefnabók.
12.-23. sept.	Lesskilningur.	Orðarún 5.2	Umsjónarkennari og deildarstjórar. Niðurstöður skráðar í verkefnabók „Lesskilningur“ með 0% vægi.
5. október	Lesfimi, lesskilningur og réttitun.	Logos - lesskimun Aston Index – Stafsetningarhluti Samfelldur texti v. réttitunar.	Fræðsluskrifstofa Reykjanesbæjar. Umsjónarkennarar sjá um fyrirlögn og úrvinnslu stafsetningarkannana. FRÆ og deildarstjóri sjá um úrvinnslu.
Október	Stafsetning.	Lesferill – staðlað stafsetningarpróf	Umsjónarkennari og deildarstjórar.
26. október	Stærðfræði.	Talnalykill.	FRÆ annast fyrirlög og úrvinnslu.
1. vika í nóv.	Lesfimi.	Lesferill – lesfimiþróf Til æfingar fyrir kennara	Umsjónarkennari og deildarstjórar. Lesinn atkvæðafjöldi skráður í verkefnabók.
Janúar	Lesfimi.	Lesferill - lesfimiþróf	Umsjónarkennari og deildarstjórar. Lesinn atkvæðafjöldi skráður í verkefnabók.
9.-20. jan.	Lesskilningur.	Orðarún 6.1.	Umsjónarkennari og deildarstjórar. Niðurstöður skráðar í verkefnabók „Lesskilningur“ með 0% vægi.
Maí	Lesfimi.	Lesferill - lesfimiþróf	Umsjónarkennari og deildarstjórar. Lesinn atkvæðafjöldi skráður í verkefnabók.

7. bekkur

Dagsetningar	Matspáttur	Matstæki	Fyrirlögn og úrvinnsla
Skólabyrjun	Lesfimi.	Raddlestrarpróf: Öðruvísi dagar	Umsjónarkennari og deildarstjórar. Lesinn atkvæðafjöldi skráður í verkefnabók.
12.-23. sept.	Lesskilningur.	Orðarún 6.2	Umsjónarkennari og deildarstjórar. Niðurstöður skráðar í verkefnabók „Lesskilningur“ með 0% vægi.
Október	Stafsetning.	Lesferill – staðlað stafsetningarpróf	Umsjónarkennari og deildarstjórar.
1. vika í nóv.	Lesfimi.	Lesferill – lesfimiþróf Til æfingar fyrir kennara	Umsjónarkennari og deildarstjórar. Lesinn atkvæðafjöldi skráður í verkefnabók.
Janúar	Lesfimi.	Lesferill - lesfimiþróf	Umsjónarkennari og deildarstjórar. Lesinn atkvæðafjöldi skráður í verkefnabók.
9.-20. janúar	Lesskilningur.	Orðarún 7.1.	Umsjónarkennari og deildarstjórar. Niðurstöður skráðar í verkefnabók „Lesskilningur“ með 0% vægi.
Mái	Lesfimi.	Lesferill - lesfimiþróf	Umsjónarkennari og deildarstjórar. Lesinn atkvæðafjöldi skráður í verkefnabók.

8. bekkur

Dagsetningar	Matspáttur	Matstæki	Fyrirlögn og úrvinnsla
Skólabyrjun	Lesfimi.	Raddlestrarpróf: Nú rignir og nýtt gerist	Umsjónarkennari og deildarstjórar. Lesinn atkvæðafjöldi skráður í verkefnabók.
12.-23. sept.	Lesskilningur.	Orðarún 7.2	Íslenskukennarar og deildarstjórar. Niðurstöður skráðar í verkefnabók „Lesskilningur“ með 0% vægi.
1. vika í nóv.	Lesfimi.	Lesferill – lesfimiþróf Til æfingar fyrir kennara	Umsjónarkennari og deildarstjórar. Lesinn atkvæðafjöldi skráður í verkefnabók.
Janúar	Lesfimi.	Lesferill – lesfimiþróf	Umsjónarkennari og deildarstjórar. Lesinn atkvæðafjöldi skráður í verkefnabók.
9.-20. janúar	Lesskilningur.	Orðarún 8.1.	Íslenskukennarar og deildarstjórar. Niðurstöður skráðar í verkefnabók „Lesskilningur“ með 0% vægi.
26. apríl	Lesfimi, lesskilningur og réttitun.	Logos – lesskimun GRP14 - stafsetningarkönnun	Fræðsluskrifstofa Reykjanesbæjar. Íslenskukennarar sjá um fyrirlögn og úrvinnslu stafsetningarkönnunar. FRÆ og deildarstjóri sjá um úrvinnslu.
Maí	Lesfimi.	Lesferill - lesfimi	Umsjónarkennari og deildarstjórar. Lesinn atkvæðafjöldi skráður í verkefnabók.

9. bekkur

Dagsetningar	Matspáttur	Matstæki	Fyrirlögn og úrvinnsla
Skólabyrjun	Lesfimi.	Raddlestrarpróf: Hundurinn fær skammir	Umsjónarkennari og deildarstjórar. Lesinn atkvæðafjöldi skráður í verkefnabók.
12.-23. sept.	Lesskilningur.	Orðarún 8.2	Íslenskukennarar og deildarstjórar. Niðurstöður skráðar í verkefnabók „Lesskilningur“ með 0% vægi.
1. vika í nóv.	Lesfimi.	Lesferill – Lesfimipróf Til æfingar fyrir kennara	Umsjónarkennari og deildarstjórar. Lesinn atkvæðafjöldi skráður í verkefnabók.
Janúar	Lesfimi.	Lesferill - lesfimipróf	Umsjónarkennari og deildarstjórar. Lesinn atkvæðafjöldi skráður í verkefnabók.
Maí	Lesfimi.	Lesferill - lesfimipróf	Umsjónarkennari og deildarstjórar. Lesinn atkvæðafjöldi skráður í verkefnabók.

10. bekkur

Dagsetningar	Matspáttur	Matstæki	Fyrirlögn og úrvinnsla
Skólabyrjun	Lesfimi.	Raddlestrarpróf: Hávarður kennari	Umsjónarkennari og deildarstjórar. Lesinn atkvæðafjöldi skráður í verkefnabók.
1. vika í nóv.	Lesfimi.	Lesferill – lesfimipróf Til æfingar fyrir kennara	Umsjónarkennari og deildarstjórar. Lesinn atkvæðafjöldi skráður í verkefnabók.
Janúar	Lesfimi.	Lesferill - lesfimipróf	Umsjónarkennari og deildarstjórar. Lesinn atkvæðafjöldi skráður í verkefnabók.
Maí	Lesfimi.	Lesferill - lesfimipróf	Umsjónarkennari og deildarstjórar. Lesinn atkvæðafjöldi skráður í verkefnabók.

Viðauki II

Yfirlit yfir lesskilningsaðferðir

Bekkur	Aðferð	Þjálfunarþáttur	Útfært af
1.	Forspá út frá mynd Forspá út frá titli Samræðulestur Orsaka- og merkingartengsl Tilfinningaleikurinn Að gera sér í hugarlund Bókagerð Að skilgreina orð og hugtök	Virkjun bakgrunnsþekkingar – Sameign Virkjun bakgrunnsþekkingar – Sameign Tal- og hlustunarskilningur Ályktunarhæfni Ályktunarhæfni Ályktunarhæfni Að greina aðalatriði í texta Orðaforði	GRÞ, Sameign GRÞ, Sameign Eflum lesskilning, bls. 117 Eflum lesskilning, bls. 120 Eflum lesskilning, bls. 121 Eflum lesskilning, bls. 119 Eflum lesskilning, bls. 142 Eflum lesskilning, bls. 152
2.	Að álykta um merkingu óþekktra orða Ekki finnast svör við öllum spurningum Því meira sem við lærum... Að greina aðalatriði og gera samantekt Orðavefur: Samsett orð Orða-bak-forði	Ályktunarhæfni Að spyrja spurninga Að spyrja spurninga Að greina aðalatriði í texta Orðaforði Orðaforði	Eflum lesskilning, bls. 123 Eflum lesskilning, bls. 137 Eflum lesskilning, bls. 135 Eflum lesskilning, bls. 146 Eflum lesskilning, bls. 157 Eflum lesskilning, bls.171
3.	K-V-L Þegar ég verð strand Að álykta út frá bakgrunnsþekkingu Að hlusta á innri rödd Að greina klifun Að skrá mikilvægar upplýsingar Orðavefur: Orð með svipaða merkingu Að spyrja höfundinn	Að spyrja spurninga fyrir-meðan-eftir Ályktunarhæfni Námsvitund Námsvitund Að greina aðalatriði í texta Orðaforði Samsett aðferð, þjálfunarþættir margir	Eflum lesskilning, bls. 186 Eflum lesskilning, bls. 125 Eflum lesskilning, bls. 127 Eflum lesskilning, bls. 131 Eflum lesskilning, bls. 143 Eflum lesskilning, bls. 159 Eflum lesskilning, bls. 195
4.	PALS – Félagstuðningur í lestri* Að lesa, skrifa, spjalla Spurningavefur	Samþætt aðferð með lesfimiáherslu Námsvitund Að spyrja spurninga	Námskeiðs krafist, kennarar með gögn Eflum lesskilning, bls. 129 Eflum lesskilning, bls. 139

	Að gera samantekt samhliða lestri Að álykta út frá merkingu út frá samhengi Rót vikunnar Námkvæm greining – víðara samhengi Að gera sér í hugarlund Þegar ég verð strand	Að greina aðalatriði í texta Orðaforði Orðaforði Samsett viðameiri aðferð Ályktunarhæfni Námsvitund	Eflum lesskilning, bls. 149 Eflum lesskilning, bls. 166 Eflum lesskilning, bls. 163 Eflum lesskilning, bls. 181 GRP, Sameign GRP, Sameign
5.	Samantekt: Samvinna nemenda Orðavefur: Forskeyti, rót eða stofn Að álykta um merkingu orða og sannprófa Ég hef orðið – hver hefur merkinguna? Að hugsa upphátt	Að greina aðalatriði í texta Orðaforði Orðaforði Orðaforði Samsett viðameiri aðferð	Eflum lesskilning, bls. 148 Eflum lesskilning, bls. 154 Eflum lesskilning, bls. 167 Eflum lesskilning, bls. 168 Eflum lesskilning, bls. 175
6.	Að greina orðhluta: Merking og hlutverk Að taka viðtal við orð Gagnvirkur lestur*	Orðaforði Orðaforði Samsett, viðameiri aðferð	Eflum lesskilning, bls. 161 Eflum lesskilning, bls. 173 Lesið til skilnings, Námsgagnastofnun
7.	Endurtekinn lestur	Samsett, viðameiri aðferð	Eflum lesskilning, bls. 214

***Föst aðferð – verður að kenna**

Viðauki III

Fyrirkomulag lestrarþjálfunar

Þjálfunarfyrirkomulag lestrar þarf að vera sveigjanlegt og koma sem best til móts við stöðu nemanda í lestri hverju sinni. Tekin var stuttleg umræða um fyrirkomulag á lestarþjálfun í september 2010 af kennurum á yngsta stigi þar sem byrjendakennsla fer fram á því stigi og nemendur verða að jafnaði læsir í 1.-4. bekk. Ákveðið var að fyrirkomulag þjálfunar myndi taka mið af lestrarviðmiðum skólans en að sjálfsögðu þarf að vera til staðar ákveðinn sveigjanleiki í þjálfun og meta kennarar slíkt út frá þörfum einstakra nemenda. Meginregla lestrarþjálfunar verður því eftirfarandi:

Viðmið	Fyrirkomulag lestrarþjálfunar
1-50 atkv./mín. Byrjendakennsla	<ul style="list-style-type: none"> • Þjálfunartíminn aukinn frá 5 og upp í 10 mínútur. • Nemandi les upphátt. • Nemandi les hverja bls. tvisvar.
50 – 80 atkv./mín.	<ul style="list-style-type: none"> • Lestur þjálfaður í 10 mínútur. • Nemandi les upphátt. • Nemandi les hverja bls. tvisvar.
80 – 110 atkv./mín.	<ul style="list-style-type: none"> • Lestur þjálfaður í 10 mínútur. • Nemandi les upphátt. • Nemandi les hverja bls. tvisvar. • (Hér má bæta inn 5 mín. hljóðlestri til viðbótar ef nemandi er tilbúinn í hljóðlestur.
110-170 atkv./mín.	<ul style="list-style-type: none"> • Lestur þjálfaður í 15 mínútur. • Lestur er þjálfaður 10 mínútur upphátt. • Lestur er þjálfaður 5 mínútur í hljóði. • Ekki þörf á endurteknum lestri.
170 – 200 atkv./mín.	<ul style="list-style-type: none"> • Lestur þjálfaður í 15 mínútur. • Lestur er þjálfaður 5 mínútur upphátt. • Lestur er þjálfaður 10 mínútur í hljóði. • Ekki þörf á endurteknum lestri.
>200 atkv./mín.	<p>Á meðan nemendur eru raddlestrarprófaðir þurfa þeir að halda áfram að lesa upphátt en hér þarf að fara að huga að fjölbreytilegri þjálfun svo heimalestur nemandans hafi augljósan tilgang. Lestrarkennsla og þjálfun þarf að fara í annan búning þegar 200 atkvæða markmiðinu er náð.</p>

Viðauki IV

Reglur um fyrirlögn á raddlestrarprófum

- Prófaðstæður þurfa að vera með besta móti svo nemandi geti sýnt hvað í honum býr. Leitist við að skapa afslappað andrúmsloft og tryggð gott næði.
- Nemandinn fær tvær mínútur til að lesa texta upphátt eins hratt og vel og hann getur („Lestu textann eins hratt og vel og þú getur“). Markmið raddlestrarprófa er að kanna hraða umskráningar en ekki framsögn.
- Tímataka hefst þegar nemandi er búinn að lesa fyrirsögnina og byrjar að lesa samfellda textann.
- Þjóðið nemandanum á að renna fingri undir texta á meðan lesið er því það getur aukið bæði hraða og nákvæmni. Þetta er það sem bestu lesararnir okkar gera.
- Villufyrirgjöf: Strikið undir rangt lesin orð en atkvæðafjöldi orðsins kemur til frádráttar lesnum heildaratkvæðafjölda.
- Ljúki nemandi við texta innan tveggja mínútna skal stöðva tímann og reikna út sekúndufjöldann sem það tók nemandann að lesa texta. Lesinn atkvæðafjöldi er reiknaður út í samræmi við reiknireglu á töflu yfir radd- og hljóðlestrarviðmið.
- Ef nemandi fipast mikið vegna taugaóstyrks við upphaf lestrar má bjóða honum að hefja lestur að nýju.
- Ef nemandi á erfitt með próftöku vegna taugaóstyrks má bjóða honum að koma aftur í raddlestrarpróf að nokkrum dögum liðnum.

Viðauki V

Framsagnarkvarði

Matsatriði	1	2	3	Stig
Líkamsstaða	Nemandi hokinn og líkamstjáning einkennist af taugaóstyrk. Iðar mikið og er óöruggur í framkomu.	Líkamsstaða yfirleitt góð en nemandi gleymir sér stundum og iðar lítillega.	Nemandi beinn í baki, slakar axlir og hendur ekki á iði. Framkoma einkennist af öryggi.	/3
Raddstyrkur	Raddstyrkur lítill. Rödd berst ekki til allra áheyrenda.	Raddstyrkur ójafn. Berst stundum vel og stundum illa til áheyrenda.	Raddstyrkur jafn og góður. Rödd berst vel til allra áheyrenda.	/3
Tjáning	Lestur eintóna og nemandinn notfærir sér ekki greinarmerki við mótun texta. Áherslur gefa til kynna skort á skilningi á efni texta. Framburður óskýr.	Gerir tilraunir til að ljá texta blæbrigum sem hæfa honum. Áherslur oftast réttar. Framburður yfirleitt skýr og hljómfall yfirleitt eðlilegt.	Ljær texta alltaf blæbrigðum sem hæfa honum. Áherslur alltaf réttar. Framburður alltaf skýr og hljómfall alltaf viðeigandi.	/3
Hraði	Lestur fyrirhafnarmikill, eintóna og hægur. Nemandi gerir mörg mistök við umskráningu orða. Lestur rykkjóttur.	Umskráningarmistök fá. Lestur of hægur eða of hraður.	Lestrarhraði hæfir efni texta, er hvorki of hægur né og hraður.	/3
Samskipti við áheyrendur	Lítur ekki upp og gerir ekki tilraun til að ná augnsambandi við áheyrendur.	Lítur vélrænt upp og gerir fáar tilraunir til að ná augnsambandi við áheyrendur.	Leitast við að ná augnsambandi við áheyrendur og lítur upp á viðeigandi stöðum (s.s. við lok setninga).	/3
Samtals				/15
Hrynjandi (ljóð)	Hefur enga eða litla tilfinningu fyrir hljómfalli ljóðsins. Áherslur rangar.	Hefur nokkra tilfinningu fyrir hljómfalli ljóðsins en gerir nokkur mistök þegar áherslur eru annars vegar. Lýkur ljóðlínunum alltaf með sama tónfalli ef um hefðbundið ljóð er að ræða.	Hefur góða tilfinningu fyrir hljómfalli ljóðsins. Áherslur alltaf réttar. Nær að móta niðurlag ljóðlína á fjölbreyttan hátt án þess að það hafi áhrif á hrynjandina.	/3
Samtals				/18

